

Nd.

744. Nefndarálit

[156. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 122 28. des. 1950, um breyt. á l. nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Í 3. gr. þessa frumvarps er ákveðið, að ef dráttur verður í eitt ár eða lengur hjá sveitarfélagi á greiðslu framlags til Tryggingastofnunar ríkisins, geti ráðherra lagt hald á allt að 25% álagðra útsvara, unz skuldin er að fullu greidd. Minni hl. nefndarinnar getur ekki fallizt á að heimila ráðherra slíkt harðræði gegn sveitarfélögum. Er erfitt að sjá, hvaða skynsemi og sanngirni er í því að veita kröfum Tryggingastofnunarinnar þannig algeran forgangsrétt fram yfir öll önnur útgjöld sveitarfélaga, svo sem launagreiðslur, verklegar framkvæmdir og aðrar nauðsynjar. Hitt væri nær, að Alþingi gerði ráðstafanir til þess að afla sveitarfélögum fleiri og öruggari tekjustofna en þau nú hafa.

Við leggjum því til, að 3. gr. frv. verði felld niður, og munum greiða atkvæði gegn frv., ef sú breyting fæst ekki samþykkt.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 3. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 28. febr. 1951.

Kristín L. Sigurðardóttir, Jónas Árnason.
frsm.